



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Sent á umsagnargátt Alþingis

Reykjavík, 4. mars 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, nr. 26/2010 (meðalhófsprófun)

Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“ eða „SI“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi (meðalhófsprófun, EES-reglur) mál nr. 103, 156. löggjafarþing. Um er að ræða innleiðingu á tilskipun (ESB) 2018/958 um meðalhófsprófun við lögverndun nýrra starfa sem kveður á um að viðhöfð skuli rýni þegar EES-ríki telja koma til álita að lögvernda ný störf eða þegar gildandi regluverk er endurskoðað. Þá er kveðið á um að rýna skuli skilyrðin fyrir aðgengi að störfum og hvort gætt sé meðalhófs við ákvarðanir þar um, í því samhengi skuli líta til eðli starfs og almannahagsmuna.

Málið er endurflutt frá 155. löggjafarþingi þar sem samtökin komu á framfæri athugasemdum vegna málsins.¹ Þær athugasemdir lutu m.a. að óvissu varðandi endurskoðun, þ.e. beitingu meðalhófsprófunar á greinar sem þegar eru lögverndaðar. Komu samtökin m.a. á framfæri gagnrýni um að varhugavert væri að lögskýringargögn með drögum að frumvarpi gæfu til kynna að stjórnvöld leituðu leiða til að draga úr hæfisskilyrðum þegar ekki er til staðar eftirlitskerfi sem tryggir almannahagsmuni né öryggissjónarmið.

Í lögskýringargögnum með núverandi frumvarpi, er varðar mat á áhrifum, kemur fram að frumvarpið feli ekki í sér skyldu til þess að endurskoða eldri kröfur um löggildingu með hliðsjón af meðalhófi. Samtökin fagna auknum skýrleika og að tekin hafi verið af öll tvímæli um skyldu til endurskoðunar á eldri kröfum um lögverndun með hliðsjón af meðalhófi. Eftir sem áður veitir óbreytt orðalag ráðherra heimild til endurskoðunar þar sem meðalhófsprófun skal beitt enda segir í seinni málslíð 3. gr. frumvarpsins að meðalhófsprófun eigi einnig við þegar stjórnvöld hyggjast breyta gildandi lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum. Að mati samtakanna veitir ofangreint orðalag ráðherra víðtæka heimild til endurskoðunar á lögvernduðum starfsgreinum byggða á meðalhófsprófun. Mikilvægt er að slík framkvæmd verði ekki matskennd og háð geðþótta. Samtökin leggja áherslu á að gagnsæi ríki við slíka framkvæmd og fullnægjandi samráð. Í lögskýringagögnum kemur eftirfarandi fram:

„Þá eru drög að reglugerðum og frumvörpum að meginstefnu til birt í samráðsgátt stjórnvalda og gefst hagaðilum þar tækifæri til að fá upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar og koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Ákvæði 8. gr. tilskipunar um meðalhófsprófun er þannig þegar fylgt í framkvæmd.“

Með vísan í ofangreint vilja samtökin árétta þá afstöðu sína að endurskoðun á löggildingu iðngreina komi ekki til greina án samráðs við greinarnar sjálfar.

¹ <https://samradapi.island.is/api/Documents/23f31e60-961f-ef11-9bc3-005056bcce7e>



Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri og vonast samtökin til þess að fá tækifæri til þess að gera nánari grein fyrir umsögn sinni.

A handwritten signature in blue ink, reading 'Hulda B. Kjærnested Baldursdóttir', positioned above a horizontal line.

Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir
Sérfræðingur í mennta- og mannauðsmálum
hjá Samtökum iðnaðarins